



**Fundur í byggingar- og skipulagsnefnd Fljótsdalshrepps í Végarði
27. janúar 2023 kl. 16:00.**

Fundarmenn: Lárus Heiðarsson formaður, Eiríkur J. Kjerúlf, Helga Eyjólfsdóttir, Skarphéðinn Smári Þórhallsson og Sveinn Þórarinsson, byggingarfulltrúi.

1. Víðivellir ytri. Deiliskipulag fyrir frístundabyggð.

Borist hefur ofanflóðamat frá Veðurstofunni sbr. athugasemdir sem bárust í kjölfar kynningar og farið var yfir á fundi nefndarinnar 20. ágúst sl. Niðurstaðan er eftirfarandi: *Frístundabyggðin stenst kröfur sem eru settar í reglugerð 505/2000, um hættumat vegna ofanflóða og flokkun og nýtingu hættusvæða fyrir frístundahús. Ekki er hinsvegar heimilt að reisa á þessu svæði nýtt íbúðar- eða atvinnuhúsnæði. Ekki má nýta frístundahúsin sem reist verða á þessum stað til fastrar búestu eða til atvinnureksturs.* Skarphéðinn Smári greindi frá vinnu og breytingum á uppdrætti og greinargerð deiliskipulagsins og hvernig brugðist var við umsögnum og athugasemdum sem bárust í kjölfar kynningar á því. Byggingar- og skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagstillöguna fyrir sitt leyti og leggur til við sveitarstjórn að tillagan verði auglýst sbr. 41. gr. í Skipulagslögum 123/2010

2. Minjastofnun vegna sumarhúsa á Brekkugerðishúsum.

Borist hefur athugasemd frá Minjastofnun vegna byggingar á þremur sumarhúsum á Brekkugerðishúsum. Byggingarfulltrúi sagði að mistök hefðu átt sér stað við framvindu framkvæmda á staðnum svo sem tilgreint er í 2. lið í fundargerð frá 20. ágúst. Hann mun eftirleidis ganga stíft eftir að framkvæmdaaðilar kynni verkefni og leiti eftir aðkomu Minjastofnunar áður en framkvæmdir hefjast.

3. Afmörku á lóðum fyrir sumarhús.

Sótt hefur verið um afmörkun þriggja lóða undir sumarhús annars vegar í landi Hóls og hins vegar í landi Brekkugerðishúsa og lagðir fram hnitasettir uppdrættir af lóðunum. Byggingar- og skipulagsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti afmörkun þessara lóða og vísar erindinu sbr. 5. og 6. gr í Jaðalögum 81/2004 og 48. gr. í Skipulagslögum 123/2010 til samþykktar í sveitarstjórn.

4. Byggðakjarninn.

Ennþá er óvissa um eignarhald á Hjarðarbólssjörðinni og sér ekki fyrir endann á því. Eigandi Hamborgar er hugsanlega tilbúinn að leggja til land undir byggðakjarnann. Nefndarmenn telja það álitlegan kost og að svæðið í hallinu upp af flatlendu túninu utan við Bessastaðaá gæti verið ákjósanlegt byggingarsvæði. Svæðið er miðsvæðis og virðist þægilegt til bygginga og vegagerð að því auðveld.

5. Önnur mál.

Byggingarfulltrúi sagði frá vettvangsferð og sýndi myndir úr ferðinni. Við Hengifossá er búið að koma fyrir verkfæragámi og kaffiskúr. Búið er að framleiða allar forsteyptar einingar í þjónustuhúsið og beðið eftir heppilegu veðri til að hefjast handa á staðnum. Gerð grein fyrir stöðu framkvæmda á Höllustöðum og Brekkugerðishúsum.

Skoduð loftmynd af gistihúsinu við Végarð og afmörkun lóðar fyrir það. Nefndamenn telja eðlilegt að bílastæðið verði innan lóðainnar en álitamál hvort tjaldsvæðið eigi að vera það. Ef aðstöðuhúsið er hluti af rekstareiningunni er varla ástæða til að afmarka sérstaka lóð fyrir það.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 17:20

Sign. Lárus Heiðarsson, Eiríkur J. Kjerúlf, Helga Eyjólfsdóttir
Skarphéðinn Smári Þórhallsson. Fundarritari:Sveinn Þórarinsson.